

Siglfirðingur

V. árg.

Siglfirði, Laugardaginn 29. okt. 1932

33. tbl.



Frú

Sigríður Pálsdóttir.



Hún lést að heimili dóttur sinnar Ólafar og tengdasonar þann 14. þessa mánaðar.

Sigríður sál. var fædd í Reykjavík 5. nóv. 1856 og var því tæpra 76 ára er hún lést. Hún fluttist hingað til Siglfirðar árið 1880, og giftist hér manni sínum Hafliða Guðmundssyni sem síðar um langt skeið var hér hreppstjóri. Eignuðust þau 5 börn sem úr æsku komust, þau Helga afgreiðslumann, Guðm. hafnarvörð, Andrés kaupm. Kristínu ekkju Halldórs kaupm. Jónassonar og Olöfu gifta Sophusi A. Blöndal, en auk þess ólu þau hjón upp fósturbörn; Jón Ryden, sem lést hjá þeim fullorðinn, Guðmundu Benediktsdóttur gifta Edvin Jacobsen útgerðarmanni í Fosna-

vaag í Noregi og að nokkru Ólaf Vilhjálmsson bókhaldara hér.

Frú Sigríður var hin mesta atgerfiskona; fríð sínum og hög á hendur, hin besta eiginkona og móðir og stjórnsemi og hífylapryði hennar svo viðbrugðið, að það var eftirsótt að láta ungmeyjar dvelja hjá henni. En það sem mest afbar hjá Sigríði umfram aðrar konur, var hin frábæra gestrisni og gjafmildi við lægri sem æðri, og hve óvenju vel hún kunni að umgangast fólk, ríka jafnt sem fátæka. Voru þau hjón svo samhent um þetta, að traudla gat betur verið. Réði þar um meðfædd höfðingslund hjá báðum, samfara hjartagæskunni sem lýsir sér í því, að finna gleði í því að gleðja aðra. Voru þau aldrei

gladari en þegar hjá þeim var húsfylli gesta, en það var mjög oft, og jafnan lýsti sér í öllum atlotum húsbændanna hin sanna göfgi hinnar forntrægu íslensku gestrisni sú, að láta gestina finna að húsbændanna væri þægðin og ánægjari að veita fremur en gestsins að þyggja.

Sigríður sál. hafði dvalið hér í 52 ár er hún lést. Allan þennan langa tíma mátti hiklaust telja hana standa í röð fremstu kvenna, ekki einungis hér, heldur á öllu Norðurlandi, og alla þá stund sem hún veitti forstöðu hinu stóra og gestarmarga heimili þeirra hjóna, var það í fremstu röð hér. Var því eigi að undra, þótt vínahópurinn væri fjölmennur enda var það og svo, og mun það sjaldgætt að íslenskum hjónum í alþýðustétt, auðnist að afla sér slíkra vinsælda utanlands sem innan sem þeim hjónum.

Sigríður sál. var hin mesta starfskona meðan heilsan leyfði og sáradí sjálfa sig lítt við hússtörfin, en hin síðustu árin átti hún öndugt um ferilvist, eftir slys er hún varð fyrir; hafði þó oftast fótavist, og andlega var hún ósljófugð og hress fram til hins síðasta. Sáum vör vinir hennar það best í fyrra á 75 ára afmæli hennar. Kendi þá hjá henni hinnar sömu rausnar, hífylapryði, og glöðværðar í hinum fjölmenna vínahóp, eins og áður á blómaskeiði lífsins, enda naut hún hinnar mestu ástúðar og umönnunar barna sinna og tengdabarna og virðingar og velvildar allra annara sem kynni höfðu af henni.

Nú er frú Sigríður dáin. Við vinir hennar söknum hennar sem einnar hinnar mætustu konu sem þessi bær hefir eignast, en við gleðjumst jafnframt yfir því, að hún hefir nú fengið hvíld í hárrí elli eftir langt og göfugt æfistarf. Og við gleðjumst við þann fjársjóð sem við eigum í minningunum um mannkosti hennar og manns hennar og allar hinar glöðu og ánægjuriku stundir sem við nutum á heimili þeirra.

PEISUR

mjög vandaðar og af mörgum
gerðum nýkomnar í

SKIPAV. SIGLUFJARÐAR.

Blessuð sé minning þín framliðna
heiðurskona!

Mætti bær vor eignatt margar
slikar sem þig.

G. & J.

Skarlatsóttin á Siglufirði.

Útaf grein, sem Aðalbjörn Pétursson skrifar í 46. tbl. blaðsins Verkamáðurinn, vil eg að því, er snertir þann hluta greinarinnar, sem snýst um skarlatsóttina hér, sýna, að um mæli hans, sem hann mun hafa byggt á skröksögum, er heyrzt hafa annarstaðar frá, eru staðlausir stafir í minn garð, og birta meðfylgjandi vottorð þriðja nefndarmannsins, spítalalæknis Steingríms Einarssonar, sem var á fundinum. Öðru í greininni ætla eg ekki að svara í blaðagrein. Vottorðið er á þessa leið:

„Að gefnu tilefni vottast, að það eru tilhæfulaus ósannindi, að bæjarfógeti Guðm. Hannesson hafi á heilbrigðisnefndarfundi, sem gerður er að umtalfni í 46. tbl. blaðsins Verkamáðurinn, neitað því, að bærin bæri þann kostnað, sem leiddi af einangrun Hólsfólksins og útvegum nýs starfsfólks að Hóli, eða flutningi þess á sjúkrahús, en hann sagði við héraðslækni á þessa leið: „Þig skiftir engu um greiðsluna. Þú sem héraðslæknir gerir þær sóttvarnarráðstafanir, sem þú telur nauðsynlegar“. Eg man þetta vel og líka tilsvor héraðslæknis á þessa leið: „Hann geti það ekki nema í 24 klst. án samþykkis landlæknis“. Þá svaraði bæjarfógeti: „Nú þá það“.

Siglufirði, 24. okt. 1932

St. Einarsson.

Fjölyrði eg svo þetta eigi frekar.

Siglufirði, 25. okt. 1932

Guðm. Hannesson.

Slysavarnarfélag Íslands og deild þess hér, Siglufjarðarsveit.

I.

Slysavarnarfélag Íslands er alþekkt félag um það þarf ekki að fjölyrða. Því er stjórnað af einhverjum almætustu mönnum þjóðarinnar og verk þess eru öllum landslýð til mikillar blessunar og meira að segja alheim til blessunar, því hver veit hvaða þjóðar menn þurfa næst á hjálp Slysavarnarfélags Íslands að halda.

Siglufirðingar! Við megum ekki verða eftirbátur annara landsmanna í því, að efla framþróun Slysavarnarfélagsins, og það gerum við best með því, að vinna ötullega fyrir deildina hér. Greiða árstíllög okkar og halda skemtanir til styrktar þessu þarfa félagi. Hafið það hugfast, að bærin okkar byggist alfarið á því hvað sjórinn gefur af sér.

Sjómennirnir verða því oft að tefla djarft og það traustasta og besta sem þeim er gjört, er efling þess félags, sem nætur og daga vakir yfir því að rétta þeim hjálp, ef eitthvað útaf ber og þeir þurfa svo oft á henni að halda.

II.

Það eru ekki mörg ár síðan „Siglufjarðarsveit“ var stofnuð. (Um það hefi eg skritað fyr, og birt í blaði héðan frá staðnum.) En það sem verra var, er það, að hún hérumbil dó í fæðingunni. Þá var henni stjórnað af áhugalitlum mönnum. Samt fór nú svo, að nýr gróður færðist í þetta félag og í fyrra ber Árbók Slysav.fél. það með sér, að við Siglfirðingar höfum verið með þeim beztu sem á því ári hata unnið fyrir félagið, þannig verður það líka að vera í framtíðinni.

Siglufirðingar! Athugið það, að í fyrra sendi Slysav.fél. Íslands, deildinni hér línu-byssu, sem komið var fyrir á Siglunesi, hún kostaði 16 til 1700,00 kr. Hjá eldri stjórn deildarinnar innheimti núverandi stjórn einar 170,00 kr. En í fyrra sendi núverandi stjórn Slysav.fél. Íslands 1000,00 kr. Við meigum því ekki ganga framhjá því, að deildin hér er fjárhagslega séð þungur baggi á Slysav.fél. Íslands. Þetta verðum við að hafa hugfast, og því duga engin undanbrögð. Við verðum að

vera dugleg og senda Slysav.fél. Ísl. ekki minni fjárupphæð en við sendum í fyrra.

Nú vill kannske einhver spyrja: Hvað er að gera með línu-byssu á Siglunesi? Hugsum okkur bara það að skip strandi á Siglunesi í hafróti. Hvað skeður þá? Jú. Við stöndum og horfum á skipið, en getum ekkert að gjört. Hver er sá maður til hér í þessum bæ, sem af öllu sínu hjarta ekki vildi leggja fram 1—2 krónur, ef þær mættu verða til þess, að bjarga mönnum úr sjávarhásku? En það er nú einmitt þetta sem skeður, á sama tíma sem menn og konur horfa á skipið byltast í hafrótinu og þau kenna í brjóstum skipverja, og jafnvel tárin renna niður kinnarnar, þá fara Nesmenn með byssuna og Einar skýtur línu fram á skipið, þeir draga til sín enda, festa honum um siglutréið og eftir nokkurn tíma er skipshöfnin komin á land og nýtur hinnar íslensku gestrisni á heimilum hinna mætu Nesmanna.

Munið það, ungu og gamlir, konur og karlar, að engum peningum er eins vel varið og þeim, sem fara til Slysavarnarfélags Íslands. Hafið því alltaf hugfast þetta göfuga starf sem geldur ykkur þúsundfalt, það sem þið starfið í þess þágu.

Á fundi sem haldinn var 16. þ. m. í deildinni hér, var kosin fjárfundunarnefnd. Þessir eru í nefndinni: Andrés Hafliðason bæjarfulltrúi (form.), O. Hertervig bæjarfulltrúi, Þorleifur Sigurðsson, Egill Stefánsson, Ólöf Jónsdóttir, Þorfinna Dýrfjörð og Axel Jóhannsson.

Því treysti eg, að þetta fólk láti hendur standa fram úr ermum og innvinni deildinni mikla peninga. Undirritaður þessara orða, sem verið hefir séhirdir deildarinnar, á ekki hægt með að starfa fyrir deildina nú í vetur, en hefir fengið í sinn stað hr. Friðfinn Nielsson mótórista. Eg treysti, að honum gangi vel að ná inn ársgjöldum og auka félagatöluna. Ennfremur að margir verði þeir sem vilja gefa nokkrar krónur til Slysavarnarfélagsins og kaupa Árbókina. Safnast þegar saman kemur og sýnið dugnað og árvekni í þessu göfuga starfi, það verður ykkur til margfalds heiðurs og öllum til blessunar. Munið Slysavarnarfélag Íslands.

Eyþór Halldsson.